

7. gr.

Ávöxtun og rekstur.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans. Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af fjármunum hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og reikningar hans skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir með reikningum Kaupþings banka hf.

8. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu samþykktar af meirhluta stjórnar. Þær skulu hljóta staðfestingu hluthafafundar Kaupþings banka hf. Ákvarðanir um niðurlagningu sjóðsins skulu teknar á sama hátt.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað til sambærilegrar starfsemi eða þær lagðar fram sem stofnfé í nýjan sjóð sem hefur skyld markmið.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

ERINDISBRÉF**nemaleyfisnefnda.**

1. gr.

Nemaleyfisnefndir eru skipaðar til fjögurra ára af menntamálaráðherra og starfa í umboði hans. Nemaleyfisnefndir eru skipaðar að ósk starfsgreinaráðs sem gerir tillögu um fjölda nefndarmanna og tilnefnir jafnframt fulltrúa í hverja nefnd fyrir sig. Nemaleyfisnefndum ber að starfa í samræmi við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um námssamninga og starfsþjálfun á hverjum tíma.

2. gr.

Nemaleyfisnefnd fjallar um umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning í löggiltri iðngrein og afgreiðir þær. Menntamálaráðuneytið gefur út nemaleyfi á grundvelli afgreiðslu nemaleyfisnefndar. Nemaleyfisnefnd gengur úr skugga um að iðnfyrirtæki eða meistari er óskar eftir að taka nema á námssamning uppfylli skilyrði 11. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun. Menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum starfsgreinaráðs, setur nánari reglur um hvaða aðstaða, búnaður og verkfæri þurfi að vera til staðar á vinnustað til þess að hann uppfylli framangreind skilyrði.

3. gr.

Menntamálaráðherra getur falið nemaleyfisnefnd önnur störf er lúta að starfsnámi á vinnustað, svo sem sérstökum úttektum á starfsþjálfun í einstökum fyrirtækjum ef grunur leikur á að henni sé ekki sinnt sem skyldi eða brotið sé í veigamiklum atriðum gegn lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

4. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 280/1997 um náms- samninga og starfsþjálfun og með skírskotun til 29. gr. laga nr. 80/1996 um framhalds- skóla, öðlast þegar gildi og gildir þar til annað verður ákveðið af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2002.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

Nr. 951

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2002:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2002:

Bjarnfríður Leósdóttir, Akranesi, riddarakross fyrir störf að verkalýðs- og félagsmálum.
Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskra bókmennta.

Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu háskóla- menntunar.

Gunnar Marel Eggertsson, skipstjóri og skipasmiður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til kynningar á landafundum og siglingum til forna.

Gunnar Þórðarson tónlistamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar.